



Sameining sveitarfélaga í Þingeyjarsýslu

**Niðurstöður
viðhorfskönnunar**

September 2005

**Niðurstöður viðhorfskönnunar
september 2005**

Ábyrgð skýrslu:

Þekkingarsetur Þingeyinga
Óli Halldórsson

Framkvæmd könnunar/spurningar

Framhaldsskólinn á Húsavík
Nemendur í FÉL103 og STÆ313

Umsjón og úrvinnsla:

Óli Halldórsson
Arnfríður Aðalsteinsdóttir
Björgvin R. Leifsson

Efnisyfirlit

FORMÁLI ÁBYRGÐARMANNS	3
1. FORSENDUR RANNSÓKNARINNAR	4
1.1. Sveitarfélög og íbúafjöldi	4
1.2. Þýði og úrtak	4
1.3. Framkvæmd	5
1.4. Rannsóknaraðilar	5
2. NIÐURSTÖÐUR	6
2.1. Aðaldælahreppur	6
2.2. Húsavíkurbær	7
2.3. Kelduneshreppur	8
2.4. Raufarhafnarhreppur	9
2.5. Skútustaðahreppur	10
2.6. Tjörneshreppur	11
2.7. Öxarfjarðarhreppur	12
HEIMILDIR	13

Formáli ábyrgðarmanns

Haustið 2005 fara fram kosningar um land allt um sameiningu sveitarfélaga. Í Þingeyjarsýslu er kosið um sameiningu 7 sveitarfélaga, þ.e. Húsavíkurbæjar, Aðaldælahrepps, Skútustaðahrepps, Tjörneshrepps, Kelduneshrepps, Öxarfjarðarhrepps og Raufarhafnarhrepps.

Viðhorfskönnun sú sem hér er kynnt er samstarfsverkefni Þekkingarseturs Þingeyinga og Framhaldsskólans á Húsavík (FSH). Nemendur FSH í félagsfræði (FÉL 103) og tölfraði (STÆ 313) lögðu vinnu í rannsóknina undir umsjá kennara sinna, þ.e. Arnfríðar Aðalsteinsdóttur félagsfræðings og Björgvins R. Leifssonar sjávarlíffræðings. Undirritaður kom að verkefninu f.h. Þekkingarseturs Þingeyinga.

Það er von mín að niðurstöður þessarar könnunar verði til þess að efla vitund Þingeyinga um sameiningarmál sveitarfélaga og umræðu um þau í tengslum við kosningarnar þann 8. október 2005.

Nemendum FSH færi ég góðar þakkir fyrir vel unnin störf. Þessar niðurstöður eru afrakstur þeirra vinnuframlags.

Óli Halldórsson

Forstöðumaður Þekkingarseturs Þingeyinga

1. Forsendur rannsóknarinnar

1.1. Sveitarfélög og íbúafjöldi

Til rannsóknar voru 7 sveitarfélög í Þingeyjarsýslum sem kosið verður um sameiningu þann 8. október 2005. Þessi sveitarfélög eru Aðaldælahreppur, Tjörneshreppur, Kelduneshreppur, Skútustaðahreppur, Húsavíkurbær, Öxarfjarðarhreppur og Raufarhafnarhreppur.

Í rannsókninni var byggt á íbúatölum frá Hagstofu Íslands, sem lagðar voru til grundvallar hjá sameiningarnefnd. Þessar tölur eru eftirfarandi:¹

Sv.fél.nr.	Sveitarfélag	Íbúafjöldi	Kjörgengir
6609	Aðaldælahreppur	265	186
6611	Tjörneshreppur	64	49
6701	Kelduneshreppur	103	76
6607	Skútustaðahreppur	437	291
6100	Húsavíkurbær	2426	1658
6702	Öxarfjarðarhreppur	331	228
6705	Raufarhafnarhreppur	238	161
Samtals		3864	2649

1.2. Þýði og úrtak

Viðhorfskönnunin var unnin eftir ofangreindum gögnum um íbúafjölda sveitarfélaganna. Skilgreint þýði í rannsókninni var allir íbúar hvers þessara sveitarfélaga sem náð hafa 18 ára aldri þann 8. október 2005, þ.e. kjörgengir einstaklingar í komandi kosningum um sameiningu sveitarfélaga.

Úrtaksstærð var ákveðin með neðangreindum hætti:²

Sveitarfélag	Þýði (N)	Úrtak (n)	Leiðrétt úrtak (n')
Aðaldælahreppur	186	192	95
Tjörneshreppur	49	192	39
Kelduneshreppur	76	192	55
Skútustaðahreppur	291	192	116
Húsavíkurbær	1658	192	172
Öxarfjarðarhreppur	228	192	104
Raufarhafnarhreppur	161	192	88
Samtals	2649	1344	669

Forsendur:

Öryggi (confidence)	0,95
Z-gildi (z)	1,96
Vikmörk (m)	0,07

¹ Félagsmálaráðuneytið. 2005. Vefsíða. Tillögur sameiningarnefndar í vefútgáfu.

http://felagsmalaraduneyti.is/tillogur/nr/1962#Sudur-Thingeyjarsyslaog_Nordur-Thingeyjarsysla

² Kjartan Ólafsson. 2005. Rannsóknastofnun Háskólans á Akureyri. Ráðgjöf um úrtaksstærð.

1.3. Framkvæmd

Fengið var slembiúrtak úr þjóðskrá fyrir hvert og eitt þessara 7 sveitarfélaga skv. ofangreindum forsendum.³ Um var að ræða símakönnun þar sem spurning var lögð fyrir þátttakendur símleiðis. Bakgrunnsbreytur voru engar, aðrar en þær að hvert og eitt sveitarfélag var tekið sérstaklega fyrir og unnið úr með þeim hætti. Spurningin sem lögð var fyrir þátttakendur var eftirfarandi:

“Þann 8. október næstkomandi verður kosið um sameiningu 7 sveitarfélaga í Þingeyjarsýslu. Þetta eru Húsavíkurbær, Tjörneshreppur, Kelduneshreppur, Skútustaðahreppur, Aðaldælahreppur, Öxarfjarðarhreppur og Raufarhafnarhreppur.

Hver er afstaða þín í þessu máli, ert þú með eða á móti þessari sameiningu?

3 svarmöguleikar (lesnir upp):

- € **Með sameiningu**
- € **Á móti sameiningu**
- € **Óákveðin(n)** “

Þá var haldið saman upplýsingum um þá sem ekki vildu taka þátt og eins þá sem ekki náðist í.

Hringt var út frá kl. 19:00-21:00 dagana 19.-22. september. Gerðar voru a.m.k. 2 tilraunir til þess að ná í hvern og einn aðila sem var í úrtakinu ef ekki náðist í viðkomandi í fyrstu tilraun.

1.4. Rannsóknaraðilar

Rannsóknin er samstarfsverkefni Þekkingarseturs Þingeyinga og Framhaldsskólans á Húsavík. Umsjón og stjórn var á höndum Óla Halldórssonar, forstöðumanns Þekkingarseturs Þingeyinga, og Arnfríðar Aðalsteinsdóttur og Björgvins R. Leifssonar kennara við Framhaldsskólann á Húsavík.

Nemendur í félagsfræði, FÉL103, sáu um úthringingar og gagnasöfnun.

Nemendur í tölfræði, STÆ313, sáu um tölfræðilega úrvinnslu.



Þekkingarsetur Þingeyinga sá um samantekt gagna í skýrslu.

³ Skýrr hf. 2005 (16.sept). Slembiúrtak úr þjóðskrá skv. gefnum forsendum.

2. Niðurstöður

2.1. Aðaldælahreppur

Sveitarfélag	Aðaldalshreppur		
	N =	186	
	n =	95	
	Fjöldi	%	% j/n
Já	14	20,29	31,82
Nei	30	43,48	68,18
Óákveðnir	14	20,29	
Gefa ekki upp	11	15,94	
Samtals já/nei	44		100
Alls	69	100	
Náðist ekki í	26		
Svarhlutfall	72,63		



2.2. Húsavíkurbær



Sveitarfélag

Húsavík

N = 1658

n = 172

	Fjöldi	%	% j/n
Já	53	46,9	74,65
Nei	18	15,93	25,35
Óákveðnir	24	21,24	
Svara ekki	18	15,93	
Samtals já/nei	71		100
Alls	113	100	
Náðist ekki í	59		
Svarhlutfall	65,7		



2.3. Kelduneshreppur



Sveitarfélag

Kelduneshreppur

N = 76

n = 55

	Fjöldi	%	% j/n
Já	17	40,48	65,38
Nei	9	21,43	34,62
Óákveðnir	8	19,05	
Gefa ekki upp	8	19,05	
Samtals já/nei	26		100
Alls	42	100	
Náðist ekki í	13		
Svarhlutfall	76,36		



2.4. Raufarhafnarhreppur



Sveitarfélag

Raufarhafnarhreppur

N = 161

n = 88

	Fjöldi	%	% j/n
Já	15	28,3	57,69
Nei	11	20,75	42,31
Óákveðnir	19	35,85	
Gefa ekki upp	8	15,09	
Samtals já/nei	26		100
Alls	53	100	
Náðist ekki í	35		
Svarhlutfall	60,23		





2.5. Skútustaðahreppur

Sveitarfélag: Skútustaðahreppur

N = 291



n = 116

	Fjöldi	%	% j/n
Já	11	14,29	24,44
Nei	34	44,16	75,56
Óákveðnir	15	19,48	
Gefa ekki upp	17	22,08	
Samtals já/nei	45		100
Alls	77	100	
Náðist ekki í	39		
Svarhlutfall	66,38		



2.6. Tjörneshreppur

Sveitarfélag	Tjörneshreppur		
	N =	49	
	n =	39	
	Fjöldi	%	% j/n
Já	8	27,59	38,1
Nei	13	44,83	61,9
Óákveðnir	8	27,59	
Gefa ekki upp	0	0	
Samtals já/nei	21		100
Alls	29	100	
Náðist ekki í	10		
Svarhlutfall	74,36		



2.7. Öxarfjarðarhreppur



Sveitarfélag

Öxarfjörður

N = 228

n = 104

	Fjöldi	%	% j/n
Já	22	33,85	52,38
Nei	20	30,77	47,62
Óákveðnir	18	27,69	
Gefa ekki upp	5	7,692	
Samtals já/nei	42		100
Alls	65	100	
Náðist ekki í	39		
Svarhlutfall	62,5		



Heimildir

Félagsmálaráðuneytið. 2005. Vefsíða. Tillögur sameiningarnefndar í vefútgáfu. http://felagsmalaraduneyti.is/tillogur/nr/1962#Sudur-Thingeyjarsyslaog_Nordur-Thingeyjarsysla

Kjartan Ólafsson. 2005. Rannsóknastofnun Háskólans á Akureyri. Ráðgjöf um úrtaksstærð.

Skýrr hf. 2005 (16.sept). Slembiúrtak íbúa Húsavíkurbæjar, Aðaldælahrepps, Skútustaðahrepps, Tjörneshrepps, Kelduneshrepps, Öxarfjarðahrepps og Raufarhafnarhrepps. úr þjóðskrá.

Svör þátttakenda viðhorfskönnunarinnar (íbúar Húsavíkurbæjar, Aðaldælahrepps, Skútustaðahrepps, Tjörneshrepps, Kelduneshrepps, Öxarfjarðahrepps og Raufarhafnarhrepps). 2005 (september).

Úthringingar: Nemendur í FÉL103 við Framhaldsskólann á Húsavík.
Frumvinnsla gagna: Nemendur í STÆ313 við Framhaldsskólann á Húsavík.